Nd. **402. Breytingartillögur**

við frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að $1^1/_2$ milljón kr., enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.
2. Við 4. gr. Fyrir »35« í a-lið kemur: 50.
3. Við 5. gr.
   a. Fyrir »20000« á tveim stöðum í annari málsgr. kemur: 30000.
   b. Fyrir »35000« í þriðju málsgr. kemur: 40000.